

## Úrskurður Einkaleyfastofunnar

### í andmælamáli

nr. 7/2012

**Hachette Filipacchi Presse, Frakklandi**

gegn

**Elínrós Líndal Ragnarsdóttur**

#### Málsatvik

Hinn 23. nóvember 2010 lagði Elínrós Líndal Ragnarsdóttir, Bollagörðum 14, 170 Seltjarnarnesi, inn umsókn um skráningu vörumerkisins **ELLA**. Umsóknin fékk númerið 3143/2010. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokkum 14, 18, 20 og 25. Merkið var birt í ELS-tíðindum hinn 15. janúar 2011, sbr. skráning nr. 39/2011.

Með bréfi, dags. 15. mars 2011, andmælti Sigurjónsson & Thor ehf. skráningu merkisins f.h. Hachette Filipacchi Presse, 149, rue Anatole France, 92534 Levallois-Perret Cedex, Frakklandi. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við skráð merki andmælanda, ELLE (orð- og myndmerki), sbr. skráning nr. 269/1998, sbr. 6. og 7. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (hér eftir nefnd „vml.“).

Með bréfi, dags. 18. mars 2011, var andmælanda veittur eins mánaða frestur, þ.e. til 18. apríl 2011, til að leggja fram greinargerð sína. Í bréfi, dags. sama dag, var umsækjanda jafnframt tilkynnt um framkomin andmæli. Greinargerð andmælanda barst með bréfi, dags. 15. apríl 2011 og var hún send umsækjanda með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 26. apríl 2011. Í sama bréfi var umsækjanda veittur frestur til 26. júní 2011 til að leggja inn greinargerð sína. Umsækjandi óskaði eftir

framlengingu á frestinum og með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 28. júní 2011 og með samþykki andmælanda var frestur umsækjanda framlengdur til 28. júlí 2011. Greinargerð umsækjanda barst svo með bréfi, dags. 25. júlí 2011, og var hún framsend til andmælanda með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 15. ágúst 2011. Í sama bréfi var aðilum tilkynnt um að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Með bréfi, dags. 15. ágúst 2011, óskaði andmælandi eftir fresti til að tjá sig um framkomna greinargerð umsækjanda og með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 17. ágúst 2011, veitti stofnunin andmælanda frest til 26. ágúst 2011 til að útskýra ástæður frekari frestveitingar. Með bréfi, dags. 1. september 2011, var andmælanda svo veittur frestur til 1. nóvember 2011 til að leggja inn síðari greinargerð sína. Með bréfi, dags. 28. október 2011, barst síðari greinargerð andmælanda og var hún send umsækjanda með bréfi, dags. 1. nóvember 2011. Umsækjandi fékk frest til 2. janúar 2012 til að leggja inn síðari greinargerð sína og barst hún þann dag. Með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 11. janúar 2012, var aðilum tilkynnt um að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

### **Málsástæður og lagarök**

*Fyrri greinargerð andmælanda:*

Andmælt er skráningu merkisins **ELLA**, sbr. skráning nr. 39/2011<sup>1</sup> og tekur andmælandi það fram að andmælin beinist aðeins gegn vörum í flokki 25. Andmælandi bendir á að hann eigi skráð vörumerki hér á landi fyrir fatnað, sbr. skráning nr. 269/1998, ELLE (orð- og myndmerki), en auk þess eigi hann fjölmargar aðrar skráningar fyrir merkið ELLE, sbr. skráningar nr. 50/2000 og 575/2000 og alþjóðlegar skráningar nr. 572 881, 874 859, 535 000, 657 541 og 292 742.

Í greinargerð andmælanda segir að vörumerki hans, ELLE, sé vel þekkt og hafi það m.a. verið staðfest af OHIM.

---

<sup>1</sup> Skráning nr. 39/2011 er skráð fyrir vörur í flokkum 14, 18, 20 og 25.

Þá nefnir andmælandi að tímaritið ELLE sé heimsfrægt og hafi verið gefið út frá árinu 1945 um allan heim og hafi auk þess verið gefið út í sérstökum útgáfum í mörgum löndum eða í 43 útgáfum, s.s. í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Rússlandi. Þá hafi blaðið síðustu 30 ár verið gefið út hér á landi í alþjóðlegu útgáfunni og líklega hafi aðrar útgáfur þess borist hingað til lands. Bendir andmælandi á heimasíðurnar [www.elle.se](http://www.elle.se), [www.elle.no](http://www.elle.no) o.s.frv. Meðfylgjandi greinargerðinni er svo listi yfir allar útgáfur af tímaritinu ELLE í heiminum og yfirlit yfir kostnað og sölu og kynningu frá árunum 2005-2009.

Að mati andmælanda eru þau merki sem hér um ræðir lík í skilningi vörumerkjalaga. Sjónlíking sé með merkjunum og þau séu bæði stutt tveggja atkvæða orð, EL/LE og EL/LA og að mati andmælanda sé hljóðlíking með merkjunum. Þá hafi merkin bæði sama hljóm sem tengist endurtekningu á stafnum -L-.

Andmælandi telur merkin ELLA og ELLE bæði tengjast hugmyndinni um kvenleika og vitnar til þess sem kemur fram í greinargerð með 4. gr. vörumerkjalaganna um túlkun 2. tl. ákvæðisins um heildarmynd merkja. Þá bendir andmælandi á að Evrópudómstóllinn hafi gefið út leiðbeiningar um mat á ruglingshættu og segir ljóst af nokkrum dómum dómstólsins að hinn almenni neytandi muni heildarmynd merkja en ekki einstök atriði, að líking merkja í sjón/framburði og varðandi merkingu sé metin með tilliti til heildarmyndar og að mikil vörulíking hafi áhrif á mat á merkjalíkingu og öfugt. Þá segir að þessi viðmið séu vel þekkt úr norrænum rétti og eigi við í þessu máli.

Fram kemur hjá andmælanda að víða og m.a. hjá Evrópusambandinu hafi dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að orðin ELLE og ELLA séu lík og vitnar til lista yfir þau lönd þar sem mál tengd ELLE og ELLA hafa komið upp.

*Fyrri greinargerð umsækjanda:*

Umsækjandi mótmælir því að ruglingshætta sé með merki hans, ELLA og merki andmælanda, ELLE.

Umsækjandi bendir á að merki hans einkennist af svörtum rétthyrningi þar sem heitið ELLA sé ritað með hvítum stöfum í *Art Deco* letri fyrir miðju myndflatarins,

**ELLA**

. Hins vegar einkennist merki andmælanda af heitinu E L L E, sem sé gleiðritað í leturgerðinni *Times New Roman* að því er virðist og án þess að um afmarkaðan myndflöt sé að ræða. Að mati umsækjanda sé það augljóst, þegar myndmerkin séu borin saman, að einstakir þættir sem og heildarmynd þeirra sé allt annars konar og engin sjónræn líkindi séu með þeim. Því verði að teljast óhugsandi, að mati umsækjanda, að neytendur rugli þessum tveimur merkjum saman við val sitt milli framleiðsluvara, bæði vegna mismunandi útlits sem og vegna mismunandi stafsetningar.

Umsækjandi telur andmælanda reyna að komast framhjá þeirri staðreynd með því að vísa til dóms Evrópudómstólsins í svokölluðu Sabel-máli (nr. C-251/91). Nefnir umsækjandi að í þeim dómi hafi verið fjallað um mörkin milli ruglingshættu annars vegar og tengingar/tengsla hins vegar. Í málinu hafi því verið haldið fram að ruglingshætta og þar með brot gegn vörumerki Puma, væri til staðar ef neytendur tengdu framleiðsluvöru Sabel við framleiðsluvörur Puma á grundvelli skírskotunar eða tengsla án þess að bein líkindi væru með vörumerkjunum. Sýnist umsækjanda þetta vera sama sjónarmið og andmælandi byggja á í greinargerð sinni, bæði hvað snertir sjónræn og hljóðræn líkindi milli merkjana. Umsækjandi telur að þessu sjónarmiði hafi verið hafnað í úrlausn dómsins með tilvísun til þess að ekki teldist vera um brot gegn vörumerki að ræða á grundvelli ruglingshættu þegar ekki væri um bein líkindi að ræða þó svo að neytendur kynnu að tengja vörumerkin saman með hugrænum hætti eða á grundvelli skírskotunar. Að mati umsækjanda felst í þessu að ruglingshætta teljist einungis vera til staðar þegar bein líkindi eru fyrir hendi, þó svo að tengsl eða skírskotun kunni, auk fleiri þátta, að hafa áhrif á mat það hvort slík líking teljist fela í sér ruglingshættu. Að mati umsækjanda sé þessi tilætlan vafalaus af orðalagi 2. tl. 1. mgr. 4. gr. vml.

Af hálfu umsækjanda er á því byggt að efnisinntak umræddra vörumerkja sé ólíkt. Vörumerki andmælanda vísi til persónufornafnsins „hún“ á frönsku en merki

umsækjanda vísi til eiginnafnsins, Elínros. Þ.e nafn umsækjanda. Því telur hann að slá megi því föstu að flestir þeir sem bera þessi tvö merki saman sé fullljós hinn ólíki merkingarmunur sem sé á merkjunum og sú staðreynd dragi alfarið, að mati umsækjanda, úr afar takmörkuðum tengslum/skírskotunum og/eða ruglingshættu.

Umsækjandi telur að efnisskilyrðum fyrir synjun skráningar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. vml. sé ekki fullnægt í máli þessu.

Þá hafnar umsækjandi því að hljóðlíking sé með merki hans og merki andmælanda og vísar til mismunandi stafsetningar merkjanna og ólíks framburðar þeirra, bæði á íslensku og erlendum tungumálum. Þá bendir umsækjandi á, eins og að framan greinir, að merki andmælanda, ELLE, vísi til persónufornafnsins „hún“ á frönsku og sé réttur framburður þess orðs *ell* en ekki EL/LE, þ.e.a.s. bókstafurinn -E- er ekki borinn fram og hið sama eigi við um framburð orðsins á öðrum tungumálum, þ.m.t. ensku og íslensku.

Fram kemur í greinargerð umsækjanda að merki hans sé stytting á eiginnafni hans og sé borið fram í samræmi við ritun þess, þ.e. að bókstafurinn -A- sé borinn fram og sé réttur framburður merkisins því EL/LA. Eigi það við um franska tungu, ensku og Norðurlandamálin. Ítrekar umsækjandi það mat sitt að engin hljóðlíking sé með merki hans og merki andmælanda og vísar hann málatilbúnaði andmælanda á bug hvað þetta varðar.

Umsækjandi gerir athugasemd við framlagningu andmælanda á dómum erlendra dómstóla sem staðfesta eigi þá dómaframkvæmd að líkindi séu með nöfnunum ELLA og ELLE. Bendir umsækjandi á að dómarnir séu lagðir fram óstaðfestir og á erlendum tungumálum, án þýðingar. Ekkert liggi fyrir um eðli þeirra vörumerkja sem tekist væri á um, né þær forsendur sem réðu niðurstöðu í málunum. Umsækjandi telur fordæmisgildi tilvitnaðra dóma vera ekkert og um úrlausn þess máls sem hér um ræði fari samkvæmt íslenskum lögum.

Að lokum fer umsækjandi fram á, að ef honum verði óheimilt að nýta merki sitt sökum ákvæða 4. gr. vml., að honum verði allt að einu heimilt að nota merki sitt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 6. gr. vml., þar sem mælt sé fyrir um þá reglu að eigandi vörumerkis geti ekki bannað öðrum að nota nafn sitt í atvinnustarfsemi sinni að því gefnu að slík notkun sé í samræmi við góða viðskiptahætti. Ítrekar umsækjandi að hann hafi frá barnæsku verið kallaður ELLA af fjölskyldu og vinum, enda sé það stytting á eiginnafni hans. Fyrirhuguð not umsækjanda á merkinu feli ekki í sér annað en að merkja eigin hönnun og framleiðsluvörur með nafni sínu. Telur umsækjandi að slík notkun samræmist fyllilega skilyrðum framangreinds ákvæðis sem og tilætlan löggjafans með setningu þess.

*Seinni greinargerð andmælanda:*

Í seinni greinargerð sinni fer andmælandi yfir þær skráningar sem hann á hér á landi og fyrir hvaða flokka:

- Skráning nr. 269/1998, fyrir vörur í flokkum 18 og 25.
- Skráning nr. 50/2000, fyrir vörur í flokki 9.
- Skráning nr. 575/2000, fyrir vörur í flokkum 11, 20 og 21.
- Alþjóðleg skráning nr. 572 881, fyrir vörur í flokki 24.
- Alþjóðleg skráning nr. 874 859, fyrir þjónustu í flokki 35.
- Alþjóðleg skráning nr. 535 000, fyrir vörur í flokki 14.
- Alþjóðleg skráning nr. 292 472, fyrir vörur í flokki 27.
- Alþjóðleg skráning nr. 657 541, fyrir vörur og þjónustu í flokkum 16, 28, 35, 38, 41 og 42.

Andmælandi telur að hugleiðingar umsækjanda um að andmælandi hafi á einhvern hátt fallið frá þeim eignarrétti sem ofangreindar skráningar veita honum, byggi ekki á vörumerkjalogum og er andmælandi þeirrar skoðunar að Einkaleyfastofan hefði átt að hafna skráningu umsækjanda *ex officio*, sbr. ofangreindar skráningar en tekur jafnframt fram að andmælakerfinu sé ætlað að vera viðbót við rannsókn stofnunarinnar.

Í greinargerðinni er á það bent að í mörgum löndum heims fari ekki fram rannsókn á eldri réttindum af hálfu skráningaryfirvalda og eigi það t.d. við OHIM. Eigendur eldri réttinda noti þá andmælakerfið til að vernda réttindi sín.

Andmælandi telur að vörur þær sem merki umsækjanda gildir fyrir séu „eins eða svipaðrar“ tegundar og þær vörur og sú þjónusta sem skráningar andmælanda gilda fyrir í skilningi 1. mgr. 4. gr. vml. Áðurnefndar skráningar andmælanda gagnast honum í máli þessu þar sem hann á skráningar í flokki 25 og öðrum flokkum sem fela í sér skyldar vörur. Þá tekur andmælandi það fram að það hafi verið staðfest í norrænni framkvæmd að vörulíking geti verið til staðar þó að vörur hafi verið skráðar í ólíka flokka. Sú framkvæmd sé viðurkennd hér á landi sem og erlendis og þurfi ekki að styðja hana gögnum. Jafnframt bendir andmælandi á að Hæstiréttur hafi staðfest þessa skoðun í máli nr. 206/2004 (PHARMANOR/PHARMA NORD) þar sem vörulíking var talin vera fyrir hendi þrátt fyrir að annað merkið væri skráð fyrir vörur í flokki 5 og hitt fyrir þjónustu í flokki 35.

Andmælandi vísar að öðru leyti til þess sem kom fram í fyrri greinargerð hans, m.a. þess að merki hans sé „vel þekkt“ og frægðin sé óumdeild. Þá er því einnig bætt við að ekki sé þörf á að vísa í dóma frá Evrópu til að rökstyðja þá sjálfsögðu staðreynd að ruglingshætta sé fyrir hendi í máli þessu. Þá telur andmælandi að túlkun umsækjanda á dómum breyti í engu um bersýnilega líkingu á milli merkjanna.

Að lokum telur andmælandi að ákvæði 6. gr. vml. eigi undir túlkun dómstóla ef á reyni og telur að í þessu máli reyni aðeins á skráningarhæfi hins andmæлта merkis.

Fer andmælandi fram á að skráning nr. 39/2011, ELLA (orð- og myndmerki) verði felld úr gildi.

*Seinni greinargerð umsækjanda:*

Umsækjandi dregur túlkun andmælanda á 6. gr. vml. í efa, þ.e. að beiting ákvæðisins sé aðeins í höndum dómstóla, þar sem að slík takmörkun á sér ekki stað í skýru orðalagi ákvæðisins. Umsækjandi telur að sú meginregla sem felist í ákvæðinu hafi víðari skírskotun við mat það hvort veita beri tilteknu vörumerki vernd samkvæmt lögnum.

Umsækjandi ítrekar að öðru leyti kröfur sínar og fyrri sjónarmið um að engin líkindi, hvorki myndræn, hljóðræn né annars konar líkindi séu með merkjunum. Umsækjandi telur vörumerki sitt ekki fela í sér neina skírskotun af neinu tagi til merkis andmælanda, enda megi öllum vera ljóst að merki umsækjanda skírskoti til persónu umsækjanda en á engan hátt til merkis andmælanda.

### Niðurstaða

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.



Andmælt er skráningu vörumerkisins **ELLA**, sbr. skráning nr. 39/2011, sem skráð er fyrir tilgreindar vörur í flokkum 14, 18, 20 og 25. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við merki andmælanda, **E L L E**, sbr. skráning nr. 269/1998, sem skráð er fyrir vörur í flokkum 18 og 25. Í greinargerð andmælanda, dags. 15. apríl 2011, er tekið fram að andmælin beinist aðeins gegn vörum í flokki 25. Þar sem merkjum umsækjanda og andmælanda er ætlað að auðkenna samskonar vörur í flokki 25 er ljóst að vörulíking er fyrir hendi og því ekki þörf á að fara nánar út þetta atriði.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 2. gr. vml. geta mannanöfn verið vörumerki. Í 4. gr. laganna er kveðið á um það hvað felst í vörumerkjarétti, þ.e. að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki ef í fyrsta lagi notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og í öðru lagi ef hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum. Einkarétti aðila til vörumerkis eru þó sett ákveðin takmörk og um þau er fjallað í 1. mgr. 6. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu getur eigandi vörumerkis ekki bannað öðrum að nota í atvinnustarfsemi sinni það sem talið er upp í 1. og 2. tl., að því tilskildu að notkunin sé í samræmi við góða viðskiptahætti. Með öðrum orðum getur eigandi vörumerkis ekki hindrað að aðrir noti t.d. nafn sitt í atvinnuskyni sé slíkt í samræmi við góða viðskiptavenju. Einnig skal þess getið að notkun á eigin nafni má ekki vera til þess fallin að valda ruglingi.



Eins og að framan greinir er ekki hægt að meina aðila að nota nafn sitt svo framarlega sem notkunin er í samræmi við góða viðskiptahætti og ekki sé hætta á ruglingi. Verður því að meta hvort ruglingshætta sé með merkjunum.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. er óheimilt að skrá merki ef villast má á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Það sem einkum skiptir máli við mat á því hvort ruglingshætta sé með vörumerkjum er hvort sjón- og hljóðlíking sé með merkjunum sem og vöru- eða þjónustulíking. Meta verður þessa þætti alla saman og það sem úrslitum ræður er hvort heildarmynd merkjanna sé svo lík að ruglingi geti valdið. Um vörulíkingu hefur áður verið rætt.

Annars vegar er um að ræða orð- og myndmerkið , sbr. skráning nr. 39/2011 og hins vegar , sbr. skráning nr. 269/1998. Sameiginlegt með merkjunum er orðhlutinn ELL, en ending merkjanna er ólík, annars vegar -A- og hins vegar -E-.

Það sem hér kemur til skoðunar er hvort merkin séu svo lík að ruglast megi á þeim. Merki umsækjanda samanstendur af orðinu ELLA í hvítum stöfum á svörtum fleti en merki andmælanda er stílfærða orðið ELLE. Að mati Einkaleyfastofunnar er fremur lítil sjónlíking með merkjunum en einhver hljóðlíking. Framburður orðsins *elle* er á íslensku *ell'*, þar sem að bókstafurinn -E- heyrir ekki. Merki umsækjanda er borið fram eins og það er skrifað. Þá er einnig merkingarmunur á orðunum. Í frönsku er orðið *elle* persónufornafn og merkir *hún*. Á íslensku merkir orðið *ella annars, af öðrum kosti*<sup>2</sup> eða getur verið stuttnefnið Ella. Líklegra er að íslenskir neytendur upplifi merki umsækjanda sem gælunafn eða stuttnefni frekar en sem atviksorð. Að mati stofnunarinnar er því ekki mikil merkjalíking með orðinu ELLA annars vegar og hins vegar orðinu ELLE.

---

<sup>2</sup> Sjá veforðabókina, [www.snara.is](http://www.snara.is).

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Einkaleyfastofunnar að heildarmynd merkjanna sé ekki það lík að ruglingshætta sé með þeim í skilningi 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml., þrátt fyrir að vörulíking sé til staðar.

Andmælandi ber því við að merki hans sé heimsfrægt og njóti því víðtækari verndar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. vml. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 4. gr. laganna er það skilyrði að notkun annars aðila taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu en skv. 2. mgr. getur eigandi vörumerkis einnig bannað notkun þess fyrir annars konar vöru eða þjónustu ef vörumerkið er vel þekkt hér á landi og notkunin hefur í för með sér misnotkun eða rýrir aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis. Ákvæði 2. mgr. gerir þannig ráð fyrir sérstakri vernd fyrir vörumerki sem eru vel þekkt hér á landi og tekur mið af svonefndri Kodak-reglu. Um undantekningu er að ræða frá meginreglu 1. mgr.

Til stuðnings þeirri fullyrðingu að merki andmælanda njóti víðtækari verndar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. vml. er vitnað til þess að skráningarskrifstofa Evrópusambandsins, OHIM, hafi staðfest að svo væri. Einungis er vísað til þriggja dagsetninga án nánari tilgreiningar hvað liggur þar að baki en líklegast er átt við ákvarðanir þeirrar stofnunar. Þá er vísað til þess að tímaritið hafi komið út frá árinu 1945 um allan heim og meðfylgjandi greinargerð andmælanda er listi yfir allar útgáfur á tímaritinu ELLE í heiminum sem og kostnað vegna sölu og kynninga frá árunum 2005-2009.

Þrátt fyrir takmörkuð gögn þess efnis dregur Einkaleyfastofan það ekki í efa að vörumerkið ELLE sé vel þekkt fyrir tímarit. Vernd sú sem ákvæðið veitir er missterk eftir því hversu þekkt viðkomandi merki er. Mögulegt er að veita þrönga og víða vernd eftir atvikum, en lágmarksvernd er alltaf veitt gegn sömu vöru/þjónustu eða vöru/þjónustu svipaðrar tegundar.

Þá ber þess að geta að til þess að reglunni um víðtækari vernd, skv. 2. mgr. 4. gr. vml., verði beitt, verður notkunin að hafa í för með sér misnotkun eða rýra

aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis, eins og fram kemur í ákvæðinu. Andmælandi hefur ekki sýnt fram á það með framlögðum gögnum að merki umsækjandi hafi haft í för með sér misnotkun eða rýrt aðgreiningareiginleika eða orðspor merkja hans og verður því 2. mgr. 4. gr. vml. ekki tekin til greina.

Með vísan til alls framangreinds er það mat Einkaleyfastofunnar að heildarmynd merkjanna sé ekki það lík að ruglingi geti valdið, hvorki í skilningi 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 né skv. 2. mgr. 4. g. laganna.

Krafa um ógildingu skráningar merkisins ELLA, (orð- og myndmerki), sbr. skráning nr. 39/2011, er ekki tekin til greina.

## Ú r s k u r ð a r o r ð

Skráning vörumerkisins ELLA (orð- og myndmerki), nr. 39/2011, skal halda gildi sínu.

Reykjavík, 11. maí 2012,

---

Hanna L. Karlsdóttir, lögfr.